

REGLUGERÐ KSÍ

um umboðsmenn í knattspyrnu



Samþykkt af stjórn KSÍ 2. október 2023

EFNISYFIRLIT

Kafli I. Almennar reglur	5
1. grein – Markmið	5
2. grein – Gildissvið.....	5
Kafli II. Öflun réttinda til umboðsmennsku í knattspyrnu	6
3. grein – Almenn ákvæði.....	6
4. grein – Brot á hæfisskilyrðum.....	6
Kafli III. Umboðsmennska og umboðssamningar	6
5. grein – Almenn ákvæði.....	6
6. grein – Umboðssamningar	7
7. grein – Fyrirsvar ólögráða ungmenna	9
8. grein – Þóknun – almennar reglur.....	9
9. grein – Hámark þóknunar	11
10. grein – Réttindi og skyldur.....	12
11. grein – Fylgni við viðvarandi leyfisskilyrði.....	15
Kafli IV. Réttindi og skyldur umbjóðanda.....	15
12. grein – Ráðning umboðsmanna í knattspyrnu.....	15
13. grein – Birting upplýsinga	17
Kafli VI. Ágreiningsmál	17
14. grein – Lögsaga.....	17
Kafli VII. Agamál	18
15. grein – Starfshæfni og framkvæmd.....	18
Kafli VIII. Lokaákvæði.....	19
16. grein – Ákvæði til bráðabirgða	19
17. grein - Önnur mál.....	19
18. grein – Gildistaka.....	20

Skilgreining hugtaka:

Í reglugerð þessari gilda hugtök sem notuð eru í lögum FIFA (FIFA Statutes), reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna (Regulations on the Status and Transfer of Players), reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga sem og eftirfarandi hugtök:

Umboðsskrifstofa: Stofnun, aðili, firma eða einkafyrirtæki sem inniheldur, samanstendur af, ræður eða starfar á annan hátt sem milligöngumaður fyrir viðskipti eins eða fleiri umboðsmanna í knattspyrnu.

Nálgast: (i) Hvers kyns bein og óbein persónuleg samskipti eða samskipti í gegnum rafrænan búnað við umbjóðanda; (ii) hvers kyns bein eða óbein samskipti við annan einstaklings eða stofnun sem tengist umbjóðanda, svo sem fjölskyldumeðlim eða vin; eða (iii) hvers kyns aðferð þar sem umboðsmaður í knattspyrnu notar eða beinir öðrum einstaklingi eða stofnun til að hafa samband við umbjóðanda fyrir sína hönd á þann hátt sem lýst er í (i) eða (ii) hér að ofan.

Umbjóðandi: Knattspyrnusamband, félag, leikmaður, þjálfari eða einstök deild sem getur ráðið umboðsmann í knattspyrnu til að veita umboðsþjónustu í knattspyrnu.

Tengdur umboðsmaður í knattspyrnu: Umboðsmaður í knattspyrnu er tengdur öðrum umboðsmanni í knattspyrnu vegna þess að þeir: (i) eru ráðnir eða samningsbundnir sömu umboðsskrifstofunni sem innir af hendi umboðsþjónustu í knattspyrnu; (ii) eru báðir stjórnarmenn, hluthafar eða meðeigendur að sömu umboðsskrifstofunni sem innir af hendi umboðsþjónustu í knattspyrnu; (iii) eru saman í hjúskap eða sambúð, eru systkini eða eru foreldri og niðji eða stjúpnidji; eða (iv) hafa gert sína á milli hvers kyns samningsbundnar eða annars konar ráðstafanir hvort sem þær eru formlegar eða óformlegar til að vinna saman, oftast en einu sinni, við að veita einhverja þjónustu eða til að deila á milli sín tekjum eða hagnaði af umboðsþjónustu þeirra.

Móttakandi aðili: Félag, knattspyrnusamband eða einstök deild sem kann að ráða leikmann eða þjálfara til starfa.

Umboðsmaður í knattspyrnu: Einstaklingur sem hefur leyfi frá FIFA til að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu. Hugtakið „umboðsmaður“ í reglugerð þessari merkir umboðsmaður í knattspyrnu.

Umboðsþjónusta í knattspyrnu: Þjónusta í tengslum við knattspyrnu sem veitt er til umbjóðanda eða fyrir hans hönd, þar á meðal hvers kyns samningaviðræður, samskipti sem tengjast eða undirbúa samningaviðræður, eða önnur skyld starfsemi, með það að markmiði og/eða með þeirri ætlun að ljúka viðskiptum. Hugtakið „umboðsþjónusta“ í reglugerð þessari merkir umboðsþjónusta í knattspyrnu.

Hagsmunir: (i) Hvers kyns raunverulegt eignarhald lögaðila þar sem viðkomandi starfsemi þessara aðila fer fram, að undanskilinni venjulegri og frjálsri persónulegri aðild sem ekki er framseljanleg og veitir eiganda sínum rétt á einu atkvæði í málefnum félags; og/eða (ii) að vera í stöðu sem getur gert aðila kleift að hafa efnisleg, fjárhagsleg, viðskiptaleg, stjórnarfarsleg, stjórnunarleg eða önnur áhrif á málefni einstaklings eða lögaðila hvort sem það er beint eða óbeint og hvort sem það er formlega eða óformlega.

Önnur þjónusta: Hvers kyns þjónusta sem umboðsmaður í knattspyrnu veitir umbjóðanda eða fyrir hans hönd, önnur en umboðsþjónusta í knattspyrnu, þar á meðal en ekki takmarkað við að veita lögfræðilega ráðgjöf, fjárhagslega áætlanagerð, öflun knattspyrnutengdra upplýsinga, ráðgjafarþjónustu, umsjón með ímyndarrétti og samningsumleitanir vegna viðskiptasamninga.

Innri vefur FIFA: Stafrænn vettvangur sem rekinn er af FIFA þar sem leyfisferlið, úrlausn ágreiningsmála, áframhaldandi starfsþróun (continuing professional development) og skýrslugjöf á sér stað.

Reglugerð: Reglugerð um umboðsmenn í knattspyrnu, eins og hún er á hverjum tíma.

Fráfarandi aðili: Félag, knattspyrnusamband eða einstök deild sem leikmaður eða þjálfari er að yfirgefa í því skyni að vera ráðinn til og/eða fá skráningu hjá móttakandi aðila.

Heildartekjur: Brúttótekjur samkvæmt umsömdum ráðningarsamningi, sem fela í sér grunnlaun, hvers kyns þóknun við undirritun (sign-on fee) og hvers kyns fjárhæð sem greiða skal að tilteknum skilyrðum uppfylltum (t.d. bónusgreiðslur vegna tryggðar eða frammistöðu). Til að taka af allan vafa, er við útreikning á brúttótekjum, ekki miðað við framtíðar söluverð vegna félagaskipta eða hvers kyns ólaunuð hlunnindi, svo sem vegna ökutækis, gistingar eða símaþjónustu.

Umboðssamningur: Skriflegur samningur í þeim tilgangi að stofna lagalegt sambandi um umboðsþjónustu í knattspyrnu.

RSTP: Reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna, eins og hún er á hverjum tíma.

RWWI: Reglugerð FIFA um milliliði.

KSÍ RWWI: Eldri reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu frá október 2017.

Einstök deild (Single-Entity League): Aðili sem á aðild að knattspyrnusambandi og skipuleggur deildarkeppni (eða deildarkeppnir) og er í fyrirsvari fyrir sameiginlega hagsmuni allra félaga í deildarkeppninni, til dæmis með því að starfa sem vinnuveitandi allra leikmanna.

Skilgreind viðskipti: Viðskipti þar sem allir hlutaðeigandi aðilar eru skilgreindir og auðkenndir.

Viðskipti: (i) ráðning, skráning eða afskráning leikmanns hjá félagi eða einstakri deild; (ii) ráðning þjálfara til félags, einstakrar deildar eða knattspyrnusambands; (iii) flutningur á skráningu leikmanns frá einu félagi til annars; (iv) stofnun, slit eða breyting á starfskjörum einstaklings.

Hugtök sem vísa til einstaklings/þjálfara/leikmanns gilda til allra án tillits til kyns. Sérhvert hugtak í eintölu gildir einnig um fleirtölu og öfugt.

Kafli I. Almennar reglur

1. grein - Markmið

- 1.1 FIFA ber lögbundna skyldu til að setja reglur um öll málefni sem tengjast félagaskiptakerfi knattspyrnunnar. Meginmarkmið félagaskiptakerfis knattspyrnunnar eru að:
- tryggja stöðugleika samninga á milli samningsleikmanna- og félaga,
 - hvetja til þjálfunar ungra leikmanna,
 - stuðla að samstöðu á milli afreksknattspyrnu og grasrótarknattspyrnu,
 - vernda ólöggráða ungmenni,
 - viðhalda samkeppnisjafnvægi og
 - tryggja að íþróttakeppnir séu reglufestar.
- 1.2 Reglugerð um starfsemi umboðsmanna í knattspyrnu tryggir að háttsemi þeirra sé í samræmi við meginmarkmið félagaskiptakerfis knattspyrnunnar og eftirfarandi markmið:
- Að hækka og setja lágmarks fagleg og siðferðileg viðmið fyrir starfsemi umboðsmanna í knattspyrnu.
 - Tryggja gæði þeirrar þjónustu sem umboðsmenn í knattspyrnu veita umbjóðendum sínum gegn greiðslu sanngjarnrar og hóflegrar þóknunar.
 - Draga úr hagsmunaárekstri í því skyni að veita umbjóðendum vernd gagnvart siðferðilega rangri háttsemi.
 - Bæta gagnsæi í fjármálum og stjórnun.
 - Að vernda leikmenn sem ekki búa yfir reynslu af eða upplýsingum um félagaskiptakerfi knattspyrnunnar.
 - Auka stöðugleika samninga á milli leikmanna, þjálfara og félaga.
 - Koma í veg fyrir móðgandi, öfgakennd eða tilgátukennd vinnubrögð.

2. grein - Gildissvið

- 2.1 Reglugerð þessi gildir um starfsemi umboðsmanna í knattspyrnu innan vébanda KSÍ og samkvæmt lögsögu KSÍ og skal gilda um:
- alla innlenda umboðssamninga eða
 - hvers kyns háttsemi sem tengist félagaskiptum innanlands eða innlendum viðskiptum.
- 2.2 Umboðssamningur telst innlendur þegar:
- samningurinn nær til umboðsþjónustu í knattspyrnu sem tengist skilgreindum viðskiptum um félagaskipti innanlands innan lögsögu og yfirráðasvæðis KSÍ (eða flutning þjálfara á milli tveggja félaga sem eru aðildarfélög KSÍ eða milli félags sem er aðildarfélag KSÍ og landsliðs KSÍ) eða
 - samningurinn nær til umboðsþjónustu í knattspyrnu sem tengist fleiri en einum skilgreindum viðskiptum og þar af eru ein þessara viðskipta innan vébanda og lögsögu KSÍ (eða flutning þjálfara á milli tveggja félaga sem eru aðildarfélög KSÍ eða milli félags sem er aðildarfélag KSÍ og landsliðs KSÍ).

- 2.3 Reglugerð þessi gildir einnig um umboðssamninga sem gilda um umboðsþjónustu í knattspyrnu sem ekki tengjast skilgreindum viðskiptum um alþjóðleg félagaskipti en umbjóðandi er skráður eða með lögheimili innan lögsögu KSÍ á þeim tíma sem slíkur umboðssamningur er undirritaðir.

Kafli II. Öflun réttinda til umboðsmennsku í knattspyrnu

3. grein - Almenn ákvæði

- 3.1 Einstaklingur getur orðið umboðsmaður í knattspyrnu með því að fylgja því ferli sem kveðið er á um í greinum 4 til 10 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu.
- 3.2 Einstaklingur sem áður hafði leyfi sem umboðsmaður samkvæmt eldri reglugerð FIFA um umboðsmenn leikmanna er undanþegin kröfunni um að standast prófraun samkvæmt reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu, að því tilskildu að hann uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í grein 23 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu.
- 3.3 Leyfi sem gefið er út af FIFA veitir umboðsmanni heimild til að inna af hendi umboðsþjónustu í knattspyrnu innan vébanda KSÍ. Umboðsmaður í knattspyrnu sem sinnir umboðsþjónustu í knattspyrnu mun falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og aðrar reglur KSÍ sem gilda um umboðsmenn.

4. grein - Brot á hæfisskilyrðum

- 4.1 KSÍ skal tilkynna FIFA um allar ásakanir eða grunsemdir um að umboðsmenn í knattspyrnu eða umsækjendur uppfylli ekki hæfisskilyrði skv. grein 5 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu.
- 4.2 KSÍ skal aðstoða FIFA við rannsókn mögulegra brota á hæfisskilyrðum skv. grein 5 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu, með því að veita viðeigandi upplýsingar sem það hefur yfir að ráða eða FIFA óskar eftir.

Kafli III. Umboðsmennska og umboðssamningar

5. grein - Almenn ákvæði

- 5.1 Einungis umboðsmanni er heimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu.
- 5.2 Umboðsmaður skal ávallt uppfylla hæfisskilyrði greinar 5 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu.
- 5.3 Umboðsmanni er heimilt að sinna viðskiptum sínum í gegnum umboðsskrifstofu. Öllum starfsmönnum eða verktökum sem umboðsskrifstofa hefur ráðið til sín og eru ekki umboðsmenn í knattspyrnu er óheimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu eða nálgast mögulegan umbjóðanda með það að markmiði að gera við hann

umboðssamning. Umboðsmaður ber fulla ábyrgð á framferði umboðsskrifstofu sem hann starfar fyrir, starfsmanna hennar, verktaka eða annarra fulltrúa ef reglur þessar eru brotnar af þeirra hálfu.

- 5.4 Eftirfarandi einstaklingum eða lögaðilum er óheimilt að eiga hagsmuna að gæta af einhverju tagi af málefnum umboðsmanns eða umboðsskrifstofu hans:
- Umbjóðendur.
 - Einstaklingur sem er óhæfur til að gerast umboðsmaður í knattspyrnu samkvæmt grein 5 í reglugerð þessari.
 - Einstaklingur eða aðili sem á eða heldur utan um, hvort sem það er beint eða óbeint, einhver réttindi sem tengjast skráningu leikmanns, sem fer í bága við greinar 18bis eða 18ter í reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna (RSTP).

6. grein - Umboðssamningar

- 6.1 Umboðsmanni er aðeins heimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu fyrir umbjóðanda eftir að hafa gert skriflegan umboðssamning við viðkomandi umbjóðanda.
- 6.2 Einungis umboðsmaður má nálgast mögulegan umbjóðanda eða gera umboðssamning við umbjóðanda með það að markmiði að veita honum umboðsþjónustu í knattspyrnu.
- 6.3 Umboðssamningur milli leikmanns/þjálfara og umboðsmanns má að hámarki gilda í tvö ár. Einungis er heimilt að framlengja gildistíma umboðssamnings með nýjum skriflegum umboðssamningi. Ákvæði um sjálfvirka endurnýjun, eða önnur ákvæði sem fela í sér framlengingu á gildistíma umboðssamningsins umfram hámarkstímann, hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.
- 6.4 Umboðsmanni er aðeins heimilt að starfa eftir einum umboðssamningi við sama leikmann/þjálfara á hverjum tíma. Áður en umboðssamningur er gerður við leikmann/þjálfara, eða áður en gildandi umboðssamningi er breytt, skal umboðsmaður:
- upplýsa leikmann/þjálfara skriflega um að hann ætti að íhuga að leita sér óháðrar lögfræðiráðgjafar í tengslum við umboðssamninginn og
 - fá skriflega staðfestingu frá leikmanni/þjálfara á því að hann hafi aflað sér óháðrar lögfræðiráðgjafar eða ákveðið að leita sér ekki slíkrar ráðgjafar.
- 6.5 Umboðssamningur milli móttakandi aðila eða fráfarandi aðila og umboðsmanns er ekki bundinn hámarkstímalengd.
- 6.6 Umboðsmaður getur annast framkvæmd fjölda umboðssamninga við sama móttakandi aðila eða fráfarandi aðila á hverjum tíma, með þeim fyrirvara að samningarnir séu í tengslum við ólík viðskipti.
- 6.7 Umboðssamningur er einungis gildur ef að lágmarki eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- Nöfn aðila.

- b) Tímalengd hins lagalega sambands (ef við á).
 - c) Fjárhæð þeirrar þóknunar sem ber að greiða umboðsmanni.
 - d) Eðli þeirrar umboðsþjónustu í knattspyrnu sem á að veita.
 - e) Undirskriftir aðila.
- 6.8 Umboðsmanni er einungis heimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu og annari þjónustu fyrir einn aðila í sérhverjum viðskiptum, með fyrirvara um eftirfarandi undantekningu sem gildir frá þessari grein.
- a) Leyfilegt tvíþætt umboð: Umboðsmaður má sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu og annari þjónustu fyrir einstakling og móttakandi aðila í sömu viðskiptunum, að því tilskildu að þeir hafi báðir fyrirfram og með skýrum og skriflegum hætti, veitt samþykki sitt fyrir því.
- 6.9 Umboðsmanni er einkum og sér í lagi, óheimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu eða annari þjónustu í sömu viðskiptunum fyrir:
- a) fráfarandi aðila og einstakling eða
 - b) fráfarandi aðila og móttakandi aðila eða
 - c) alla aðila viðskiptanna.
- 6.10 Umboðsmanni og tengdum umboðsmanni í knattspyrnu er óheimilt að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu eða annari þjónustu fyrir ólíka umbjóðendur í sömu viðskiptunum, nema það sé í samræmi við grein 6.8.
- 6.11 Allir hlutaðeigandi félagaskipta- eða ráðningarsamningar vegna viðskipta, sem gerðir eru í kjölfar umboðsþjónustu í knattspyrnu, skulu tilgreina nöfn umboðsmanns og umbjóðanda hans, leyfisnúmer þeirra hjá FIFA og undirskriftir aðila.
- 6.12 Umbjóðandi getur samið um og gengið frá viðskiptum án aðkomu umboðsmanns. Sé það raunin skal það sérstaklega tekið fram í viðkomandi félagaskipta- eða ráðningarsamningi.
- 6.13 Sérhvert ákvæði í umboðssamningi sem kveður á um eftirfarandi, skal teljast ógilt og skuldbindur þ.a.l. ekki aðila samnings
- a) Ákvæði sem dregur úr getu leikmanns/þjálfara til að semja með sjálfstæðum hætti og undirgangast ráðningarsamning án aðkomu umboðsmanns.
 - b) Ákvæði sem refsar leikmanni/þjálfara ef hann semur með sjálfstæðum hætti og/eða undirgengst ráðningarsamning án aðkomu umboðsmanns.
- 6.14 Aðilum að umboðssamningi er heimilt að rifta samningnum sé réttmæt ástæða fyrir hendi. Aðili sem afturkallar eða riftir umboðssamningi án réttmætrar ástæðu ber ábyrgð á því að bæta hinum aðilanum allt tjón sem af því hlýst. Réttmæt ástæða til riftunar á umboðssamningi er fyrir hendi þegar ekki er lengur með sanngirni hægt að ætlast til þess að samningssambandi verði haldið áfram á umsömdum tíma. Réttmæt ástæða telst t.a.m. fyrir hendi, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi aðstæður:

- a) Leyfi umboðsmanns í knattspyrnu hefur verið afturkallað eða hann svipur leyfinu.
- b) Samningsaðili eða -aðilar hafa fengið bann frá hvers kyns þátttöku í knattspyrnu.
- c) Bann við skráningu nýrra leikmanna, hvort sem það er innanlands eða alþjóðlega, í að minnsta kosti eitt félagaskiptatímabil.

7. grein - Fyrirsvar ólögráða ungmenna

- 7.1 Einungis er heimilt að nálgast (og/eða gera umboðssamning við) ólögráða ungmenni eða lögráðamann/-menn með það að markmiði að veita því umboðsþjónustu í knattspyrnu þegar minna en sex mánuðir eru þar til ungmennið nær þeim aldri að geta skrifað undir sinn fyrsta leikmannasamning samkvæmt gildandi lögum þess lands eða yfirráðasvæðis þar sem hið ólögráða ungmenni ræður sig til starfa. Aðeins má nálgast ungmennið eftir að búið er að afla fyrirfram skriflegs samþykkis frá lögráðamanni/-mönnum þess.
- 7.2 Umboðsmaður sem vill koma fram fyrir hönd ólögráða ungmennis eða koma fram fyrir hönd félags í slíkum viðskiptum skal fyrst ljúka þar til gerðu námskeiði um ólögráða ungmenni (CPD course on minors), ásamt því að standast allar þær kröfur sem gerðar eru til fyrirsvars ungmenna samkvæmt gildandi lögum lands eða yfirráðasvæðis þess aðildarsambands þar sem hið ólögráða ungmenni ræður sig til starfa.
- 7.3 Umboðssamningi milli umboðsmanns og ólögráða ungmennis verður aðeins framfylgt þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:
 - a) Umboðssamningur uppfyllir lágmarksskilyrði samkvæmt grein 12.7 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu.
 - b) Umboðsmaður hefur uppfyllt greinar 7.1 og 7.2 í reglugerð þessari.
 - c) Umboðssamningur er undirritaður af ólögráða ungmenni og lögráðamanni/-mönnum þess í samræmi við gildandi lög lands eða yfirráðasvæðis þess aðildarsambands þar sem hið ólögráða ungmenni ræður sig til starfa.
- 7.4 Brot á grein 7.1. skal sæta viðurlögum, að lágmarki, með sekt og sviptingu leyfis til að starfa sem umboðsmaður í knattspyrnu í allt að tvö ár.

8. grein - Þóknun – almennar reglur

- 8.1 Umboðsmaður getur krafist umbjóðanda sinn um þóknun eins og umsamið er í umboðssamningi.
- 8.2 Greiðsla þóknunar sem ber að greiða samkvæmt umboðssamningi skal eingöngu innt af hendi af umbjóðanda umboðsmannsins. Umbjóðanda er óheimilt að semja við eða heimila þriðja aðila að inna slíka greiðslu af hendi fyrir sína hönd.
- 8.3 Eina undantekningin frá meginreglu greinar 8.2. á við þegar umboðsmaður er í fyrirsvari fyrir leikmann/þjálfara og árlegar heildartekjur hans, að undanskildum skilyrtum greiðslum skv. ráðningarsamningi, eru lægri en USD 200.000 (eða samsvarandi). Í slíkum tilfellum getur móttakandi aðili samið við leikmann/þjálfara um

greiðslu þóknunar fyrir hans hönd til umboðsmannsins fyrir viðskiptin. Greiðsla sem innt er af hendi í slíku tilviki fyrir hönd umbjóðandans, skal vera í samræmi við umboðssamning umbjóðanda og umboðsmanns. Öll eftirfarandi skilyrða verða að eiga við:

- a) Þóknun sem móttakandi aðili innir af hendi fyrir hönd leikmanns/þjálfara skal ekki hafa áhrif á trúnaðarskyldu umboðsmanns gagnvart leikmanni/þjálfara. Þá má greiðslan ekki skapa ósjálfstæði eða undirgefni hjá umboðsmanni gagnvart móttakandi aðila.
- b) Þóknun sem móttakandi aðili innir af hendi fyrir hönd leikmanns/þjálfara má ekki vera hærrí en umsamin þóknun samkvæmt umboðssamningi leikmanns/þjálfara og umboðsmanns.
- c) Móttakandi aðila er óheimilt að draga greiðslu þóknunar til umboðsmanns skv. grein 8.3, frá heildartekjum leikmanns/þjálfara.

8.4 Þóknun til umboðsmanns í knattspyrnu skal koma til greiðslu á grundvelli útgefins reiknings.

8.5 Umboðsmaður á aðeins rétt til þóknunar ef fjárhæðin er í samræmi við þá þjónustu sem fyrirfram var kveðið á um í umboðssamningi og umboðssamningurinn er í gildi á þeim tíma sem umboðsþjónustan er innt af hendi.

- a) Í þeim tilfellum þar sem ráðningarsamningur er til lengri tíma en sá umboðssamningur sem tengist honum, er umboðsmanni heimilt að þiggja greiðslu þóknunar eftir að umboðssamningurinn rennur út, svo framarlega sem umsamin ráðningarsamningur er enn í gildi og að því tilskildu að um greiðsluskilmála þessa hafi verið sérstaklega samið í umboðssamningi.

8.6 Greiðsla hvers kyns þóknunar skal innt af hendi eftir lok viðkomandi félagaskiptatímabils og með afborgunum á þriggja mánaða fresti út gildistíma umsamins ráðningarsamnings.

8.7 Einungis skal reikna upphæð þóknunar til umboðsmanns út frá raunverulegum heildartekjum leikmanns/þjálfara og skal það gert með hlutfallslegum hætti (pro-rata).

8.8 Sé umsamin gildistími ráðningarsamnings skemmri en sex mánuðir, skal þóknun til umboðsmanns greidd í einu lagi við gildislök samningsins.

8.9 Umboðsmanni er óheimilt að þiggja greiðslu þóknunar fyrir umboðsþjónustu í knattspyrnu til handa ólögráða ungmenni, nema viðkomandi leikmaður sé að skrifa undir sinn fyrsta eða síðari leikmannasamning í samræmi við gildandi lög lands eða yfirráðasvæðis þess aðildarsambands þar sem hið ólögráða ungmenni ræður sig til starfa.

- 8.10 Komi umboðsmaður fram fyrir hönd móttakandi aðila og leikmanns/þjálfara í einu og sömu viðskiptunum skv. grein 12.8 (a) (leyfilegt tvíþætt umboð), er móttakandi aðila heimilt að inna af hendi allt að 50% af heildar þóknun umboðsmanns.
- 8.11 Fráfarandi aðili skal inna af hendi greiðslu þóknunar til umboðsmanns í knattspyrnu þegar hann hefur móttakið afborgun af umsömdum félagaskiptabótum. Fráfarandi aðili skal á hverjum tíma tilkynna umboðsmanni tilhlýðilega um allar slíkar afborganir.
- 8.12 Í eftirfarandi tilfellum á umboðsmaður ekki rétt á greiðslu ógjaldfallinnar þóknunar sem leiða má af umsömdum ráðningarsamningi:
- Leikmaður/þjálfari skiptir til nýs móttakandi aðila, áður en sá ráðningarsamningur sem umboðsmaður átti aðkomu að, rennur út, eða
 - umsömdum ráðningarsamningi er rift fyrir lok gildistíma hans án réttmætrar ástæðu og umboðsmaðurinn er enn í fyrirsvari fyrir leikmann/þjálfara á þeim tíma er ráðningarsamningi er rift.
- 8.13 Allar greiðslur þóknana til handa umboðsmanni í knattspyrnu skulu fara fram í gegnum miðlægan gagnagrunn FIFA (FIFA Clearing House) og í samræmi við reglur FIFA þar á um.
- Mæli reglur FIFA um hinn miðlæga gagnagrunn ekki fyrir um greiðslu þóknana til umboðsmanna þegar reglugerð þessi öðlast gildi, skal greiðsla innt af hendi með beinum hætti til umboðsmanns þar til breyting hefur orðið á þessu fyrirkomulagi í reglum FIFA þar á um.

9. grein - Hámark þóknunar

- 9.1 Þóknun sem ber að greiða umboðsmanni fyrir umboðsþjónustu í knattspyrnu skal reiknuð sem hér segir:
- Þegar umboðsmaður er í fyrirsvari fyrir einstakling eða móttakandi aðila skal upphæð þóknunar taka mið af heildartekjum leikmanns/þjálfara.
 - Þegar umboðsmaður er í fyrirsvari fyrir fráfarandi aðila skal upphæð þóknunar taka mið af söluverði vegna félagaskipta sem innt er af hendi vegna viðskiptanna.
- 9.2 Hámarks þóknun sem heimilt er að greiða fyrir umboðsþjónustu í knattspyrnu vegna tiltekinnna viðskipta, óháð fjölda þeirra umboðsmanna sem aðkomu hafa að viðskiptunum, skal vera:

Umbjóðandi	Pak á þóknun fyrir umboðsþjónustu	
	Heildartekjur leikmanns/þjálfara eru USD 200.000 (eða samsvarandi) eða lægri á einu ári	Heildartekjur leikmanns/þjálfara eru yfir USD 200.000 (eða samsvarandi) á einu ári

Einstaklingur	5% af heildartekjum leikmanns/þjálfara	3% af heildartekjum leikmanns/þjálfara
Móttakandi aðili	5% af heildartekjum leikmanns/þjálfara	3% af heildartekjum leikmanns/þjálfara
Móttakandi aðili og leikmaður/þjálfari (leyfil egt tvíþætt umboð)	10% af heildartekjum leikmanns/þjálfara	6% af heildartekjum leikmanns/þjálfara
Fráfarandi aðili (söluverð vegna félagaskipta)	10% af söluverði vegna félagaskipta (transfer compensation)	

Til að taka af allan vafa skal eftirfarandi gilda:

- a) Við útreikning á hámarki þóknunar er nauðsynlegt að undanskilja allar skilyrtar greiðslur (conditional payments).
- b) Ef heildartekjur leikmanns/þjálfara eru yfir USD 200.000 (eða samsvarandi) á einu ári, skal sú fjárhæð sem umfram er, vera háð 3% hámarksþóknun í þeim tilvikum sem umboðsmaður er í fyrirsvari fyrir leikmann/þjálfara eða móttakandi aðila. Sé umboðsmaður í fyrirsvari fyrir bæði leikmann/þjálfara og móttakandi aðila (leyfilegt tvíþætt umboð) skal sú fjárhæð sem umfram er, vera háð 6% hámarksþóknun.
- c) Við útreikning á söluverði vegna félagaskipta er óheimilt að miða við:
 - i. Fjárhæð hvers kyns bótagreiðslna vegna riftunar á samningi samkvæmt grein 17 og viðauka 2 í reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna (RSTP).
 - ii. Hvers kyns hlutfall af næstu sölu (sell-on fee).

9.3 Hafi umboðsmaður eða tengdur umboðsmaður í knattspyrnu veitt umbjóðanda sínum aðra þjónustu, 24 mánuðum fyrir eða eftir að tiltekin viðskipti fara fram, skal gera ráð fyrir því að sú þjónusta sem innt var af hendi hafi verið hluti af þeirri umboðsþjónustu sem veitt var í tengslum við viðskiptin, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

9.4 Takist umboðsmanni og/eða umbjóðanda hans ekki að sýna fram á hið gagnstæða, sbr. grein 9.3, skal það gjald sem innt er af hendi fyrir aðra þjónustu teljast hluti af þóknun umboðsmannsins fyrir þessi tilteknu viðskipti.

10. grein - Réttindi og skyldur

10.1 Umboðsmanni í knattspyrnu er:

- a) heimilt að veita umboðsþjónustu til umbjóðanda þegar fyrirbyggjandi er umboðssamningur sem uppfyllir lágmarksskilyrði samkvæmt greinum 6 og 12 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu,

- b) óheimilt að nálgast umbjóðanda sem bundinn er af umboðssamningi við annan umboðsmann í knattspyrnu, nema að minna en tveir mánuðir eru eftir af gildistíma samningsins og
- c) óheimilt að gera umboðssamning við umbjóðanda sem bundinn er af umboðssamningi við annan umboðsmann í knattspyrnu, nema að minna en tveir mánuðir eru eftir af gildistíma samningsins.

10.2 Umboðsmaður í knattspyrnu skal:

- a) ávallt starfa í þágu hagsmuna umbjóðanda síns,
- b) virða og fylgja lögum, reglugerðum og reglum FIFA, UEFA, KSÍ og stofnana þeirra,
- c) forðast hagsmunaárekstra við veitingu umboðsþjónustu í knattspyrnu,
- d) tryggja að nafn sitt, leyfisnúmer, undirskrift og nafn umbjóðanda hans komi fram í öllum samningum sem leiða má af umboðsþjónustu hans,
- e) ávallt uppfylla hæfisskilyrði á meðan að leyfi þeirra er í gildi, í samræmi við greinar 5 og 17 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu,
- f) greiða árlegt leyfisgjald til FIFA innan þess frests sem kveðið er á um á innri vef FIFA, í samræmi við greinar 7 og 17 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu,
- g) uppfylla skilyrði um áframhaldandi starfsþróun (continuing professional development), í samræmi við greinar 9 og 17 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu,
- h) uppfylla viðvarandi kröfur um upplýsinga- og skýrslugjöf, í samræmi við j-lið hér að neðan og grein 10.4 í þessari reglugerð,
- i) tilkynna tafarlaust um hvers kyns brot á ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglum og siðareglum FIFA, UEFA eða KSÍ, til viðeigandi yfirvalds, nefndar eða dómstóls,
- j) hlaða upp á innri vef FIFA (FIFA Agent Platform):
 - i. innan 14 daga frá undirritun, breytingum eða riftun á umboðssamningi: viðeigandi umboðssamningi og upplýsingum sem óskað er eftir á innri vef FIFA,
 - ii. innan 14 daga frá undirritun: hvers kyns samningi við umbjóðanda, að frátöldum umboðssamningi, þar með talið en ekki takmarkað við samninga sem varða aðra þjónustu og upplýsingar sem óskað er eftir á innri vef FIFA,
 - iii. innan 14 daga frá greiðslu þóknunar: upplýsingum sem óskað er eftir á innri vef FIFA,
 - iv. innan 14 daga frá greiðslu þóknunar sem tengist hvers kyns samningi sem gerður er við umbjóðanda, að frátöldum umboðssamningi: upplýsingum sem óskað er eftir á innri vef FIFA,
 - v. innan 14 daga frá tilfelli: hvers kyns samningsbundnu fyrirkomulagi eða fyrirkomulagi með öðrum hætti þar sem umboðsmenn í knattspyrnu vinna saman að því að veita þjónustu eða deila með einhverjum hætti tekjum eða hagnaði af umboðsþjónustu í knattspyrnu,
 - vi. innan 14 daga frá tilfelli: öllum upplýsingum sem geta haft áhrif á skuldbindingu umboðsmanns til að uppfylla hæfisskilyrði og

- vii. innan 14 daga frá tilfelli: hvers kyns sáttagerð sem gerð er á milli umbjóðanda og annars umboðsmanns í knattspyrnu.
- k) ef hann stundar viðskipti sín í gegnum umboðsskrifstofu, skal eftirfarandi hlaðið upp á innri vef FIFA:
 - i. innan 14 daga frá fyrstu viðskiptum sem tengjast umboðsskrifstofunni: upplýsingum um eignarhald hennar, persónuskilríkjum hluthafa, skiptingu hlutafjár og/eða persónuskilríkjum raunverulegra eigenda hennar,
 - ii. innan 14 daga frá fyrstu viðskiptum sem tengjast umboðsskrifstofunni: fjölda þeirra umboðsmanna í knattspyrnu sem starfa innan umboðsskrifstofunnar og nöfnum allra starfsmanna hennar og
 - iii. innan 30 daga frá tilfelli: breytingum á einhverjum af þeim upplýsingum sem áður hafa verið veittar í tengslum við umboðsskrifstofuna.

10.3 Umboðsmanni í knattspyrnu er óheimilt að taka þátt eða reyna að taka þátt í eftirfarandi háttsemi:

- a) Nálgast, hefja samningaviðræður, gera ráðstafanir, falast eftir eða á nokkurn hátt greiða fyrir viðræður milli aðila til að koma á viðskiptum (þar á meðal með yfirlýsingu til fjölmiðla) um einstakling með það að markmiði að fá hlutaðeigandi einstakling annað hvort til að rifta samningi sínum án réttmætrar ástæðu eða til að brjóta í bága við skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi.
- b) Bjóða eða greiða hvers kyns ótilhlýðilegan persónulegan, fjárhagslegan eða annars konar ávinning, beint eða óbeint, til:
 - i. embættismanns eða starfsmanns aðildarsambands, félags eða einstakrar deildar í tengslum við umboðsþjónustu í knattspyrnu eða
 - ii. leikmanns/þjálfara (eða einhvers fjölskyldumeðlims, lögráðamanns eða vinar hans) í tengslum við umboðssamning við hlutaðeigandi umboðsmann í knattspyrnu.
- c) Leyna veigamiklum staðreyndum fyrir umbjóðanda, þar á meðal en ekki takmarkað við:
 - i. að greina ekki frá hagsmunaárekstri (jafnvel þótt slíkur árekstur væri að öðru leyti leyfilegur í samræmi við reglugerð þessa) eða
 - ii. að greina ekki frá skriflegu tilboði (óháð samskiptaleið) til umbjóðanda.
- d) Fara á svig við þak hámarksþóknunar sem reglugerð þessi kveður á um, annað hvort beint eða óbeint, þar á meðal en ekki takmarkað við, með því að hækka af ásettu ráði þá fjárhæð þóknunar sem innheimt er eða hefði að öðrum kosti verið innheimt úr höndum umbjóðanda með veitingu á annarri þjónustu.
- e) Samþykkja greiðslu félagaskiptabóta eða uppeldisbóta sem greiddar eru í tengslum við félagaskipti leikmanna á milli félaga. Þetta felur í sér, en er þó ekki takmarkað við, hvers kyns réttindi eins og þeim er lýst í grein 18ter í reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmann (RSTP).
- f) Taka beint eða óbeint, þátt í brúarfélagaskiptum (bridge transfer) eins og slík félagaskipti eru skilgreind skv. reglum FIFA, eða eiga eða halda á réttindum í tengslum við skráningu leikmanns, sem fer í bága við greinar 18bis eða 18ter í reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmann (RSTP).

g) Brjóta gegn reglugerð þessari með einhverjum öðrum hætti.

- 10.4 Að því er varðar upplýsinga- og skýrslugjöf skal umboðsmaður í knattspyrnu:
- upplýsa umbjóðanda tafarlaust um hvers kyns skrifleg tilboð (óháð samskiptaleið) sem hann hefur veitt viðtöku fyrir hönd umbjóðanda síns,
 - útvega umbjóðanda sínum, sé þess óskað, afrit af viðeigandi umboðssamningi eða öðrum skriflegum samningi í tengslum við aðra þjónustu, afrit af ráðningarsamningi eða öðrum skriflegum skjölum sem aflað hefur verið í tengslum við umboðsþjónustu í knattspyrnu, greiðsluáætlun í tengslum við greiðslur til umboðsmannsins fyrir hlutaðeigandi viðskipti og
 - sé þess óskað, vinna með viðeigandi nefnd/dómstól aðildarsambands, álfusambands og/eða FIFA með tilliti til hvers kyns upplýsingabeidna af hvaða tagi sem þær kunna að vera.

11. grein - Fylgni við viðvarandi leyfisskilyrði

- 11.1 Leyfi umboðsmanns í knattspyrnu skal sjálfkrafa fellt úr gildi tímabundið, ef umboðsmaður, vegna athafnar eða athafnaleysis vanrækir að:
- uppfylla hæfisskilyrði á hverjum tíma,
 - greiða árlegt leyfisgjald til FIFA innan þess frests sem kveðið er á um á innri vef FIFA,
 - uppfylla skilyrði um áframhaldandi starfsþróun (continuing professional development) á almanaksári eða
 - uppfylla viðvarandi skyldur um skýrslugjöf.
- 11.2 Aðalskrifstofa FIFA ber ábyrgð á því að rannsaka hvort farið sé að skilyrðum greinar 11.1.
- 11.3 Ef ákvæði greinar 11.1 (a) á við, skal skrifstofa FIFA tilkynna umboðsmanni í knattspyrnu:
- að hún telji ástæðu til að ætla að hann uppfylli ekki hæfisskilyrði og að leyfi hans sé sjálfkrafa fellt tímabundið úr gildi og
 - að málinu verði vísað til aganefndar FIFA (FIFA Disciplinary Committee) til úrlausnar.
- 11.4 Ef ein eða fleiri af þeim aðstæðum sem greinir í grein 11.1 (b), (c) eða (d) eiga við, , skal skrifstofa FIFA tilkynna umboðsmanni í knattspyrnu:
- um brot hans og að leyfi hans sé sjálfkrafa fellt tímabundið úr gildi og
 - að ef umboðsmanni í knattspyrnu tekst ekki að leiðrétta brot sín innan sextíu daga, talið frá og með þeim degi er leyfi hans var sjálfkrafa fellt tímabundið úr gildi, skal leyfi hans afturkallað.

Kafli IV. Réttindi og skyldur umbjóðanda

12. grein - Ráðning umboðsmanna í knattspyrnu

12.1 Umbjóðandi/-a:

- a) er heimilt að ráða umboðsmann í knattspyrnu til að sinna umboðsþjónustu í knattspyrnu fyrir sína hönd að því tilskildu að hann kjósi sjálfur að sinna ekki slíkri starfsemi,
- b) skal tímanlega greiða þóknun til umboðsmanns í knattspyrnu á grundvelli þessarar reglugerðar og í samræmi við hlutaðeigandi umboðssamning, ráðningasamning og félagsskiptasamning, eftir því sem við getur átt hverju sinni,
- c) skal ganga úr skugga um að umboðsmaður í knattspyrnu hafi viðeigandi leyfi frá FIFA áður en viðkomandi umboðssamningur er undirritaður,
- d) skal vinna með KSÍ, UEFA, og/eða FIFA að því er varðar allar beiðnir í tengslum við umboðsmann í knattspyrnu sem þessar stofnanir leggja fram,
- e) er heimilt að óska eftir því við umboðsmann sinn að hann láti honum í té yfirlit yfir greiðslur sem sýni allar greiðslur hverju nafni sem þær nefnast (þar á meðal heildartekjur, þóknunir og útgjöld) sem eiga rót sína að rekja til hlutaðeigandi umbjóðanda,
- f) (fyrir félög) skal félag hlaða upp eftirfarandi upplýsingum í félagaskiptakerfi FIFA (TMS) innan 14 daga frá tilfelli:
 - i. upplýsingum sem óskað er eftir í TMS vegna viðskipta þar sem félagið er þátttakandi í félagaskiptum milli landa,
 - ii. upplýsingum um breytingar eða riftun á viðeigandi umboðssamningi,
 - iii. hvers kyns samningi við umboðsmann í knattspyrnu, að frátöldum umboðssamningi, þar með talið en ekki takmarkað við samninga sem varða aðra þjónustu og upplýsingum sem óskað er eftir í TMS,
 - iv. upplýsingum sem óskað er eftir í TMS í kjölfar greiðslu þóknunar sem tengist hvers kyns samningi sem gerður er við umboðsmann í knattspyrnu, að frátöldum umboðssamningi og
- g) skal umsvifalaust tilkynna öll brot á reglugerð þessari til FIFA, UEFA eða KSÍ.

12.2 Umbjóðanda (eða embættismanni hans ef við á) er óheimilt að taka þátt eða reyna að taka þátt í eftirfarandi háttsemi:

- a) nálgast eða ráða til starfa einstakling sem ekki hefur leyfi til að veita umboðsþjónustu í knattspyrnu,
- b) samþykkja eða óska eftir hvers kyns ótilhlýðilegum persónulegum, fjárhagslegum eða annars konar ávinning frá umboðsmanni í knattspyrnu,
- c) veita, bjóða eða leitast eftir að bjóða umboðsmanni í knattspyrnu (eða fjölskyldumeðlimi eða öðrum einstaklingi sem tengist umboðsmanni), beint eða óbeint, sérmeðferð eða loforð af einhverju tagi, sem felur í sér annað en samþykktá þóknun,
- d) að því er varðar aðildarsambönd, félög og einstakar deildar, hafa afskipti af eða hafa áhrif á, frjálsræði leikmanns/þjálfara til að velja sér umboðsmann í knattspyrnu,
- e) taka þátt eða aðstoða, beint eða óbeint, við hvers kyns sniðgöngu þannig að greiðsla þóknunar fari fram úr því hámarki sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð þessari,
- f) eiga hagsmuna að gæta í umboðsskrifstofu eða vegna umsvifa umboðsmanns í knattspyrnu, sbr. inntak greinar 11.4 í reglugerð FIFA um umboðsmenn,

- g) að því er varðar aðildarsambönd, félög og einstakar deildir, hvetja eða þvinga leikmann/þjálfara beint eða óbeint, til að brjóta gegn skyldum sínum samkvæmt umboðssamningi við umboðsmann í knattspyrnu,
- h) tilkynna ekki tafarlaust um brot á reglugerð þessari eða reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu,
- i) veita umboðsmanni í knattspyrnu eða umboðsskrifstofu leyfi til að eiga hagsmuni í sér og/eða
- j) brjóta með öðrum hætti á reglugerð þessari.

13. grein - Birting upplýsinga

13.1 FIFA skal gera eftirfarandi aðgengilegt:

- a) nöfn og upplýsingar allra umboðsmanna í knattspyrnu,
- b) nöfn þeirra umbjóðenda sem umboðsmaður er í fyrirsvari fyrir, hvort fyrirsvor umboðsmanns sé undirorpið einkarétti hans eða ekki og gildistíma umboðssamnings,
- c) upplýsingar um þá umboðsþjónustu í knattspyrnu sem umbjóðanda er veitt hverju sinni,
- d) hvers kyns viðurlög sem beitt er gagnvart umboðsmanni í knattspyrnu og umbjóðanda og
- e) upplýsingar um öll viðskipti umboðsmanna í knattspyrnu, þar á meðal fjárhæðir þóknana sem þeim eru greiddar.

Kafli VI. Ágreiningsmál

14. grein - Lögsaga

- 14.1 Með fyrirvara um rétt umboðsmanns í knattspyrnu eða umbjóðanda til að leita réttar síns fyrir almennum dómstólum hefur úrskurðarnefnd FIFA um umboðsmenn (Agents Chamber of the Football Tribunal) lögsögu til að leiða til lykta ágreiningsefni:
 - a) sem leiða má af eða eru í tengslum við umboðssamning sem er alþjóðlegs eðlis (sbr. grein 2.2 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu),
 - b) málskröfu sem lögð er fram í samræmi við málsmeðferðarreglur FIFA (Procedural Rules Governing the Football Tribunal) og
 - c) ekki eru liðin meira en tvö ár frá atvikinu sem ágreiningsefnið á rætur sínar að rekja til, að öðrum kosti skal ágreiningsefni vísað frá meðferð *ex officio* á grundvelli þess að tímafrestur er liðinn.
- 14.2 Ítarlegar verklagsreglur um úrlausn ágreiningsmála eru kunngerðar í málsmeðferðarreglum FIFA (Procedural Rules Governing the Football Tribunal).
- 14.3 Með fyrirvara um rétt umboðsmanns í knattspyrnu eða umbjóðanda til að leita réttar síns fyrir almennum dómstólum, skal samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ, og eftir atvikum aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ, hafa lögsögu til að leysa úr ágreiningi aðila sem upp kemur innan vébanda KSÍ, að því skilyrði uppfylltu

að ágreiningsefnið megi leiða af eða er í tengslum við umboðssamning sem ekki er alþjóðlegs eðlis (sbr. grein 2.3 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu).

Kafli VII. Agamál

15. grein - Starfshæfni og framkvæmd

- 15.1 Aganefnd FIFA (FIFA Disciplinary Committee) og þar sem við á, Siðanefnd FIFA (Ethics Committee), geta beitt viðurlögum gagnvart umboðsmanni eða umbjóðanda vegna brota á reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu, lögum FIFA eða öðrum reglum FIFA. Viðurlög skulu vera í samræmi við reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu, agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code) og siðareglur FIFA (FIFA Code of Ethics). FIFA hefur lögsögu yfir:
- hvers kyns háttsemi í tengslum við umboðssamning sem er alþjóðlegs eðlis (sbr. grein 2.2 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu) og/eða
 - hvers kyns háttsemi í tengslum við félagaskipti milli landa eða alþjóðleg viðskipti.
- 15.2 Skrifstofa FIFA (FIFA general secretariat) skal hafa eftirlit með því að farið sé að reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu: Einkum varðandi eftirfarandi:
- Sérhver málsaðili sem fær tilkynningu þar sem óskað er eftir upplýsingum, skal með fullnægjandi hætti og hæfilegum fyrirvara, verða við beiðnum um hvers kyns skjöl, upplýsingar, eða annars konar gögn sem hann hefur í vörslum sínum, svo og beiðnum um að útvega eða afhenda hvers kyns skjöl, upplýsingar eða annars konar gögn sem málsaðili hefur ekki undir höndum en hann á rétt á að öðlast aðgang að. Verði málsaðili ekki við slíkri beiðni frá aðalskrifstofu FIFA getur það leitt til refsiviðurlaga af hálfu aganefndar FIFA. Þá getur skrifstofa FIFA farið fram á að skjal (eða útdráttur) sé afhent á ensku, frönsku eða spænsku.
 - Rafrænar tilkynningar, hvort sem þær eru sendar í gegnum innri vef FIFA eða félagaskiptakerfi FIFA (TMS), eða með tölvupósti á skráð netfang viðkomandi aðila á innri vef FIFA eða í félagaskiptakerfi FIFA (TMS), teljast gildar samskiptaleiðir og verða þar af leiðandi taldar fullnægjandi til að setja tímamörk máls.
 - Að lokinni rannsókn getur skrifstofa FIFA vísað málum þar sem ekki hefur verið farið að reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu til aganefndar FIFA í samræmi við agareglur FIFA.
 - Að lokinni rannsókn getur skrifstofa FIFA vísað málum um siðferðilegt misferli í tengslum við reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu til óháðrar siðanefndar FIFA í samræmi við siðareglur FIFA.
- 15.3 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og siðanefnd KSÍ geta beitt viðurlögum gagnvart umboðsmanni í knattspyrnu eða umbjóðanda vegna brota á reglugerð þessari. KSÍ skal hafa lögsögu varðandi:
- hvers kyns háttsemi í tengslum við umboðssamning sem ekki er alþjóðlegs eðlis (sbr. grein 2.3. í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu) og/eða
 - hvers kyns háttsemi í tengslum við félagaskipti innanlands eða innlend viðskipti.

- 15.4 Framkvæmdastjóri KSÍ skal hafa eftirlit með því að farið sé að reglugerð þessari. Einkum varðandi eftirfarandi:
- a) Sérhver málsaðili sem fær tilkynningu þar sem óskað er eftir upplýsingum, skal með fullnægjandi hætti og hæfilegum fyrirvara, verða við beiðnum um hvers kyns skjöl, upplýsingar, eða annars konar gögn sem hann hefur í vörslum sínum, svo og beiðnum um að útvega eða afhenda hvers kyns skjöl, upplýsingar eða annars konar gögn sem málsaðili hefur ekki undir höndum en hann á rétt á að öðlast aðgang að. Verði málsaðili ekki við slíkri beiðni frá framkvæmdastjóra KSÍ getur það leitt til refsiviðurlaga af hálfu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Þá getur framkvæmdastjóri KSÍ farið fram á að skjal (eða útdráttur) sé afhent á íslensku.
 - b) Rafrænar tilkynningar, með tölvupósti á skráð netfang KSÍ, teljast gildar samskiptaleiðir og verða þar af leiðandi taldar fullnægjandi til að setja tímamörk máls.
 - c) Að uppfylltri rannsóknarskyldu getur framkvæmdastjóri KSÍ vísað málum vegna meintra brota á reglugerð þessari til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Mál vegna meintra brota á reglugerð þessari skal fara með sem kærumál og getur aga- og úrskurðarnefnd beitt viðurlögum samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.
 - d) Að uppfylltri rannsóknarskyldu getur framkvæmdastjóri KSÍ vísað málum um siðferðilegt misferli í tengslum við reglugerð þessa til siðanefndar KSÍ í samræmi við siðareglur KSÍ.

Kafli VIII. Lokaákvæði

16. grein - Ákvæði til bráðabirgða

- 16.1 Umboðssamningar sem falla úr gildi þann 1. október 2023 eða síðar og eru í gildi á þeim tíma sem reglugerð þessi er samþykkt, enda þótt samningarnir uppfylli ekki lágmarksskilyrði samkvæmt grein 12.7, skulu áfram gilda (en ekki framlengjast) þar til þeir renna út.
- 16.2 Allir nýir umboðssamningar eða endurnýjun gildandi umboðssamninga, eftir að reglugerð þessi hefur verið samþykkt, skulu vera í samræmi við reglugerðina frá og með 1. október 2023.
- 16.3 Einstaklingur sem undirgengst hefur slíkan umboðssamning skal verða sér út um leyfi í samræmi við reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu til að halda áfram að veita umboðsþjónustu í knattspyrnu frá og með 1. október 2023.

17. grein - Önnur mál

- 17.1 Öll mál sem ekki er kveðið á um í reglugerð þessari skulu til lykta leidd af stjórn KSÍ.
- 17.2 Tilfelli sem upp koma vegna óviðráðanlegra aðstæðna (force majeure) og áhrif hafa á reglugerð þessa, skulu til lykta leidd af stjórn KSÍ og eru ákvarðanir hennar endanlegar.

18. grein - Gildistaka

- 18.1 Reglugerð þessi var samþykkt af stjórn KSÍ þann 2. október 2023 og öðlast þegar gildi. Til að taka af allan vafa eru umbjóðendur skyldugir til að nýta sér einungis umboðsþjónustu í knattspyrnu frá skráðum umboðsmönnum í knattspyrnu í tengslum við hvers kyns viðskipti (sbr. grein 5 í reglugerð þessari og grein 11 í reglugerð FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu), frá og með 1. október 2023.
- 18.2 Reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu frá október 2017 er felld úr gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ þann 2. október 2023